

Nemendasamtöl í Auðarskóla

Gátlisti:

- Formleg nemendasamtöl fara fram tvisvar á ári.
- Kennari gerir áætlun um að ljúka nemendasamtölum áður en foreldrasamtöl hefjast hvert skólaár.
- Kennari tilkynnir foreldrum og nemendum áætlun um nemendasamtöl.
- Hvert viðtal er að jafnaði 10 – 20 mínútur að lengd.
- Kennari tekur glósur úr samtölum, sem nýtast í leiðsagnarmati og í foreldrasamtölum.
- Kennari kemur athugasemdum og óskum nemandans til annarra aðila (kennara, starfsfólks skólastjóra) eftir atvikum.
- Í nemendasamtölum skal farið yfir eftirfarandi:
 1. Líðan nemandans í skólanum.
 2. Áhugamál og tómstundir nemandans.
 3. Vinir/vinatengsl í skóla og utan skóla.
 4. Hegðun og samskipti. Staðsetning í eineltishring. Bekkjarreglur.
 5. Skemmtilegustu stundirnar í skólanum. Hvar, hvenær og hversu oft?
 6. Styrkleikar - í hverju nemandinn duglegur?
 7. Farið yfir námsframvindu í öllum námsgreinum. Námsmarkmið endurskoðuð. Langar nemandann að bæta sig í einhverju?
 8. Rætt um lykilhæfni skólans. Hvað finnst nemandanum mikilvægt?
 9. Óskaveröld nemandans - hvert vill hann stefna?

Dæmi um spurningar:

- Veistu hvað er ætlast til af þér í nemendaviðtali/leiðsagnarmati ?

- Hvernig líður þér í skólanum/kennslustofunni/skólabílnum/frímínutum og fl. ?
- Hvernig staðsetur þú þig í eineltishringnum ?
- Hvað er skemmtilegast í skólanum ?
- Hverjir eru helstu vinir þínir og hvernig gengur samband þitt við þá ?
- Hvað valdir þú fyrir foreldraviðtalið ?
- Hvað gerðir þú vel í þessu verkefni ?
- Hverjir eru styrkleikar þínir og hafa þeir verið að nýtast undanfarið ?
- Hvað gerir þetta að þínu besta verkefni ? (Þegar valið er í safnmöppu)
- Hvað í náminu reynist þér erfitt ?
- Hvað hjálpaði þér að leysa þetta ?
- Hvaða hjálp heldur þú að þú þurfir við framhaldið ?
- Hvernig og hvar lærir þú best ?
- Hvernig gengur að vinna með öðrum ?
- Er eitthvað sem þú ert vonsvikin/nn með ? Sem ekki hefur gegnið eins vel og þú ætlaðir ?
- Hvernig getur þú bætt þig í námi og lykilhæfni ?
- Er eitthvað sem þú vilt ræða/liggur á hjarta ?

Kennarahópur Auðarskóla í ágúst/september 2013